Umhverfisstofnun
Áb. EE HG
03 JUNI 2004
40
Tilv. UST20040600036

málning

# Grænt bókhald vegna ársins 2003



málning

# Efnisinnihald:

1. Yfirlýsing stjórnar ........ 2

2. Staðfesting endurskoðanda ........ 3

3. Almennar upplýsingar ........ 4

4. Hráefna- og auðlindanotkun ;- Lykiltölur ........ 5

   4.1 Helstu hráefni ........ 5
   4.2 Umbúðir og pökkun ........ 6
   4.3 Sorpflokkun ........ 6
   4.4 Eiturefni ........ 6
   4.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn ........ 7
   4.6 Duftsíun og uppgufun leysiefna ........ 7
   4.7 Hávaði ........ 7

5. Lokaorð ........ 8

málning

# 1. Yfirlýsing stjórnar.

Árið 1999 flutti Málning hf alla starfssemi sína undir eitt þak á Dalvegi 18 í Kópavogi. Húsið er hannað utan um rekstur fyrirtækisins. Öll aðstaða starfsfólks er til fyrirmyndar og framleiðslutæki eru skv. nýjust þekkingu og hæstu kröfum. Árið 2003 var stöðugt í rekstri. Engar breytingar voru gerðar á framleiðsluferli fyrirtækisins. Bilanir á framleiðslubúnaði eða mengunaróhöpp áttu sér ekki stað á árinu. Árið 2003 setti Málning hf sér formlega umhverfisstefnu. Lesa má stefnuna á heimasíðu fyrirtækisins www.malning.is. Það staðfestist hér með að allar upplýsingar í skýrslu þessari um grænt bókhald eru unnar úr gögnum félagsins.

Virðingarfyllst f.h. Málningar hf

Valdimar Bergstað

Valdimar Bergstað stjórnarformaður

**málning**

## 2. Áritun endurskoðanda.

Við höfum endurskoðað tölulegar upplýsingar í skýrslu um grænt bókhald fyrir Málningu hf fyrir árið 2003 sbr. 10 gr. reglugerðar nr. 851/2002.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingarnar sem koma fram í græna bókhaldinu. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að tölulegar upplýsingar í grænu bókhaldi Málningar hf fyrir árið 2003 séu í samræmi við upplýsingar í fjárhagsbókhaldi þess.

Reykjavík 21. maí 2004

**PricewaterhouseCoopers hf**

Kristinn Freyr Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

# 3. Almennar upplýsingar.

- Nafn fyrirtækisins er Málning hf og kennitala þess er 450269-4849.
- Aðsetur þess er á Dalvegi 18, 201 Kópavogi.
- Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Baldvin Valdimarsson.
- Ábirgðamaður skýrslunnar er Gísli Guðmundsson efnaverkfræðingur.
- Í stjórn fyrirtækisins sitja Valdimar Bergstað stjórnarformaður, Halldóra Baldvinsdóttir og Pétur Björnsson.
- Fyrirtækið er í flokki 4.8 skv. fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald.
- Málning hf er með starfsleyfi sem gildir frá 01.01.2004 til 01.02.2016.
- Útgefandi starfsleyfis er Umhverfisstofnun og eftirlitsaðili er Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis.
- Tímabil græns bókhalds er frá 01.01.2003 til 31.12.2003.

## 4. Hráefna- og auðlindanotkun;- Lykiltölur

Málning hf hefur yfir að ráðu 261 hráefnum til málningarframleiðslu sinnar. Af þessum fjölda flokkast 95 hráefni sem merkingarskyld, ef magn þeirra fer yfir ákv. viðmiðunarmörk skv. reglugerð nr. 236/1990 og nr. 921/2000 ásamt síðari breytingum. Skv. reglugerð um grænt bókhald, þá ber að gefa upp notkun á helstu hráefnum. Málningarframleiðendum er því ákv. vandi á höndum, því ekki gengur að telja upp öll hráefnin. Við hjá Málningu hf höfum því farið þá leið að notast við hefðbundna flokkun efna til málningarframleiðslu og gefum síðan upp magn þriggja stærstu hráefnanna í hverjum flokki. Þessir flokkar eru bindiefni vatnsþynnanleg, bindiefni leysiefnaþynnanleg, fylliefni, litarefni, upplausnarefni og hjálparefni.

Af samkeppnisástæðum þá er magn allra efna gefið 100 og er sú grunntala miðuð við árið 2003. Magn efna í framtíðar skýrslum verður miðað við grunntölu ársins 2003.

### 4.1 Helstu hráefni

- Bindiefni vatnsþynnanleg

| | |
|---|---|
| - Lipatone AE 3723 | 100 |
| - Lipatone AE 4620 | 100 |
| - Maincote HG -54 | 100 |

- Bindiefni leysiefnaþynnt

| | |
|---|---|
| - Vialkyd As 659 | 100 |
| - Noralkyd S61-60W | 100 |
| - Noralkyd T83-100 | 100 |

- Fylliefni

| | |
|---|---|
| - Microdol 1 | 100 |
| - Micro Talc AT1 | 100 |
| - Celite 281 | 100 |

- Litarefni

| | |
|---|---|
| - Títanhvíta | 100 |
| - Zinkfosfat | 100 |
| -Oxydsort 318M | 100 |

- Upplausnarefni

| | |
|---|---|
| - Mineral terpentína | 100 |
| - SBP Bensín 60/95 | 100 |
| - Toluen | 100 |

- Hjálparefni

| | |
|---|---|
| - Acrysol TT 935 | 100 |
| - Acrysol RM 55 | 100 |
| - Aquaflow NHS 300 | 100 |

## 4.2 Umbúðir og pökkun

| | |
|---|---|
| • Pökkunarplast | 5 tonn |
| • Allar umbúðir | 100 (M.v. 2003 sem grunnár) |

## 4.3 Sorpflokkun

| | |
|---|---|
| • Blandaður úrgangur | 21470 kg |
| • Grófur úrgangur | 2520 kg |
| • Timbur | 2900 kg |
| • Málmar | 20150 kg |
| • Spilliefni | 17784 kg |
| • Vatnsþynnt málning og skol | 7103 kg |

## 4.4 Eiturefni

Málning hf kappkostar að nota hráefni sem hvorki hafa skaðleg áhrif á notandann né á umhverfið. Má í því sambandi nefna að æ fleiri vörutegundir hafa fengið hið svokallaða 0% merki, sem gefur til kynna að engin skaðleg efnasambönd sé að finna í vörunni. Enn eru samt tveir syndaselir á hráefnalista okkar, þar er annars vegar á ferðinni Metylen Klóríð sem notast í málningaruppleysi og hins vegar krómgulur litur sem notast í gula Umferðarmálningu. Á árinu 2003 hófum við sölu á vistvænum málningaruppleysi, þ.a. við reiknum með minnkun á Metylen klóríði árið 2004. Stöðugt er leitað leiða til að draga úr notkun á krómgula litnum.

- Metylen Klóríð 100 (M.v. árið 2003 sem grunnár)
- Chrome Yellow Medium GU-25 100 (M.v. árið 2003 sem grunnár)

## 4.5 Rafmagn, heitt og kalt vatn

- Rafmagn 569873 Kwst
- Heitt vatn 16979 $m^3$
- Kalt vatn (heildarmagn) 950 $m^3$

## 4.6 Duftsíun og uppgufun leysiefna

- Magn dufts sem verður eftir í síubúnaði 300 kg
- Magn leysiefna sem gufa upp við framleiðslu 4000 kg

## 4.7 Hávaði

Hávaði er í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð 933/1999 um hávaða.

málning

# 5. Lokaorð

Í reglugerð um grænt bókhald er gefinn frekar laus taumurinn um hvað á að koma fram í skýrslunni og hvernig það er framsett. Við hjá Málningu hf höfum valið frekar hófstillta framsetningu og ákveðið að gefa upp flestar tölur sem hlutfallstölur með árið 2003 sem grunnár. Það er því ekki óeðlilegt, að þeir sem leggja vinnu í gerð skýrslunnar spyrji um tilganginn. Fyrirtækið er starfleyfisskylt og stendur við allar þær skuldbindingar og kvaðir sem settar eru skv. því. Þar eru tilgangur, úrvinnsla og eftirfylgni skýr. Í grænu bókhaldi eru enn margir lausir endar. Niðurstöður frá Danmörku, þar sem ákv. fyrirtæki hafa fært grænt bókhald í u.þ.b. 10 ár eru ekki uppörvandi. Hvorki yfirvöld, viðskiptavinir né nágrannar fyrirtækjanna nota sér skýrslurnar. Það eru eingöngu fyrirtækin sjálf sem reyna að vinna skipulegar og finna leiðir til sparnaðar í umhverfismálum. Það eru eðlilegir stjórnunarhættir í einkarekstri og teljum við grænt bókhald breyta litlu um þá framkvæmd. Það er von manna hérna megin borðsins, að ekki sé bara verið að búa til pappír með þessari skýrslu. Við hjá Málningu hf munum nú sem endranær leitast við að hafa umhverfismál okkar þannig að sómi sé af. Við munum á þessu ári draga umtalsvert úr spilliefnum, þar sem að leysiefni sem notuð eru til þvotta á málningarílátum verða send til fyrirtækisins Efnaeimingar til endurvinnslu.